

## REGLUR

### um skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga hvað varðar skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga, skv. 83., 85., 86., 87., 89. og 90. gr. laganna.

#### 2. gr.

##### *Tilvísanir.*

*Bein rafræn tenging:* Tilvísanir í reglum þessum til beinnar rafrænnar tengingar skv. a-, b- og g-liðum 12. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til beins rafræns aðgangs skv. 86. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Hlítني við 48. gr. MiFID II:* Tilvísanir í reglum þessum til hlítني við ákvæði 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til hlítني við 83.-89. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Starfsleyfi samkvæmt III. bálk MiFID II:* Tilvísanir í reglum þessum til starfsleyfis í samræmi við III. bálk tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til starfsleyfis sem skipulegur markaður skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Skyldur samkvæmt 47. gr. MiFID II:* Tilvísanir í reglum þessum til skyldna sem um getur í b-, c- og e-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísun til skyldna samkvæmt 78. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Reglugerð (ESB) nr. 596/2014:* Tilvísun í 22. gr. reglugerðar (ESB) 2017/584 til reglugerðar (ESB) 596/2014 skal skilja sem tilvísun til laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 11. nóvember 2021, bls. 168-185 og 210-215, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019, bls. 7-19, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/584 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/588 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kerfi verðskrefa fyrir hlutabréf, heimildarskírteini og kauphallarsjóði.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. mgr. 83. gr., 3. mgr. 85. gr., 4. mgr. 86. gr., 5. mgr. 87. gr., 2. mgr. 89. gr. og 2. mgr. 90. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, taka gildi þegar í stað.

*Seðlabanka Íslands, 10. desember 2021.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Jónúsdóttir**  
framkvæmdastjóri.